



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. P 120/1923

komudagur 7/5 1996

Reykjavík, 2. maí 1996

JGK/jb

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

b.t. Guðjóns Rúnarssonar

Alþingi

150 Reykjavík

Á fundi borgarráðs 30. f.m. var lögð fram umsögn borgarhagfræðings og fjárreiðustjóra frá 29. s.m. varðandi frumvarp til laga um fjármagnstekjur.

Borgarráð áréttaði mótmæli sín frá 23. f.m. og leggur til að afgreiðslu stjórnarfrumvarps um breyting á lögum um tekju- og eignaskatt nr. 75/1981 með síðari breytingum verði frestað. Hugmyndin um tvískipt tekjuskattkerfi sem frumvarpið byggist á, skapar meiri vandamál en hún leysir.

Sveitarfélögin, fyrirtæki og stofnanir, sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á, eru undanþegin skattskyldu samkvæmt gildandi lögum. Öll rök hníga að því, að hið sama eigi að gilda gagnvart skattlagningu fjármagnstekna. Þá verður ekki við það unað, að útsvarsstofninn verði skertur frekar en orðið er.

Umsögn Borgarhagfræðings og fjárreiðustjóra fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:

Borgarhagfræðingur

Fjárreiðustjóri

Þingmenn Reykjavíkur

Samband íslenskra sveitarfélaga



Reykjavík 29. apríl 1996.
EJ/bh

Til borgarráðs.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 23. þ.m. að vísa til umsagnar undirritaðra meðfylgjandi frumvörpum varðandi skattlagningu fjármagnstekna. Hér verður fyrst og fremst fjallað um stjórnarfrumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, 421. mál, svo og frumvarp þriggja flokksformanna um breyting á fyrrnefndum lögum, 428. mál.


Í sem stystu máli sagt er talið, að yrði stjórnarfrumvarpið óbreytt að lögum kynni fjárhagslegt tjón sveitarfélaganna að nema a.m.k. 300 mkr., en þar við bætist óvissan vegna ófyrirsjáanlegra áhrifa á útsvarsstofn. Í frumvarpi flokksformannanna er hinsvegar gert ráð fyrir aukningu útsvarstekna um samtals 200 mkr. í upphafi og síðar um 340-425 mkr. á ári.


Frumvarp flokksformannanna virðist geta orðið tiltölulega einfalt í framkvæmd, enda er þar einvörðungu fjallað um skattlagningu vaxtatekna. Jafnframt er það ótvíræður kostur, að vaxtatekjur yrðu samkvæmt því skattlagðar innan núverandi skattkerfis. Stjórnarfrumvarpið er hinsvegar mun víðtækara og tekur auk vaxtatekna til arðs, leigu og söluhagnaðar.

Sé vikið nánar að stjórnarfrumvarpinu ber fyrst að nefna ákvæði 10. gr. frumvarpsins þess efnis, að sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á, skuli þrátt fyrir að vera undanþegin skattskyldu, greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 1.-8. lið C-liðar 7. gr. laga um tekju- og eignaskatt.

Þeir aðilar, sem leitað hefur verið álits hjá telja frumvarpið svo óljóst í veigamiklum atriðum, að erfitt sé að meta með vissu fjárhagstjón sveitarfélaganna í heild. Þó þykir sýnt, að tap Reykjavíkurborgar, borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, nemi a.m.k. 170 mkr. og er þá aðeins reiknað með 50 mkr. lækkun tekna vegna skerðingar útsvarsstofns. Ýmislegt þykir benda til, að skerðingin og þar með rýrnun útsvarstekna yrði með tímanum mun meiri vegna þeirra áhrifa, sem breytingarnar kynnu að geta haft á form einkareksturs.

Það er því ekki nóg að krefjast þess, að sveitarfélögin og fyrirtæki og stofnanir þeirra verði undanþegin fjármagnstekjuskatti, heldur verður einnig að bæta þeim þá lækkun tekna, sem kann að hljóta af skerðingu útsvarsstofns.


Anna Skúladóttir


Eggert Jónsson